

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þesari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar gjald fyrir enduropnun.

V. KAFLI

VERÐGILDI GJALDSTIGS

Rafveitunni er heimilt að breyta verðgildi gjaldstigs til samræmis við breytingar á reksturskostnaði rafveitunnar. Skal þá reiknað eftir hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi og fjárhagsáætlun rafveitunnar, enda sé grundvöllurinn samþykktur af rafveitunefnd og hreppsnefnd.

Gjaldskrárbreytingu má gera, ef reksturskostnaður hefur hækkað eða lækkað um 5% eða meira, enda sé heimild iðnaðarráðuneytisins fyrir hækkun. Skal þá að jafnaði miðað við 1. janúar eða 1. júlí.

Verðgildi gjaldstigs reiknast í heilum tug aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1976 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga aðmáli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafveitu Borgarness.

Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976:

Þorskur:

Ísl. kr. á lb. eif.

4 × 14 m/r interl.	111.18
4 × 14 r/l og 8 × 7 r/l	117.91
10 × 5, 3 × 18 og 4 × 12	196.21
5 × 10	206.03
4 × 13	196.21
4 × 15	209.78
12 × 1	209.78
Blokk	158.89
Blokk 24½	163.34

Ýsa:	Ísl. kr. á lb. cif.
4 × 14 m/r interl.	116.79
10 × 5 og 3 × 18	184.79
12 × 1	193.45
Blokk	157.26
Blokk 24½	161.57
Steinbítur:	
8 × 7 r/l	91.67
10 × 5	197.48
12 × 1	197.48
Blokk	156.15
Ufsi:	
8 × 7 r/l	72.52
4 × 6 kg.	83.33
10 × 5	110.22
4 × 12	110.22
Blokk	99.44
Blokk 24½	104.71
Langa:	
8 × 7 r/l	107.99
10 × 5	164.46
Blokk	127.67
Grálúða:	
Heilfryst	97.00
Blokk	110.00
Heilfr. fiskur	46.66

Verðbil verður 3%, miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 75% verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júlí 1976.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 30. september 1976: